

Borgarstjórn Reykjavíkur
4. október 2022

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skipulagningu byggðar í Geldinganesi

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að hafist verði handa við skipulagningu framtíðar íbúðasvæðis í Geldinganesi, með hliðsjón af skipulagsvinnu Sundabrautar. Sérstök áhersla verði lögð á að fyrirhuguð Sundabraut falli vel að byggð í Geldinganesi og þjóni akandi, gangandi og hjólandi vegfarendum. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að leggja fram viðeigandi tillögur að breytingu á aðalskipulagi vegna málsins og annast aðra skipulagsvinnu eftir því sem þörf krefur.